

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 3/1993.

Hf. Eimskipafélag Íslands

(Pétur Guðmundarson hrl.)

gegn

Tryggva Eyjólfssyni

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Laun í veikindum. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Jónas Gústavsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði verulega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Upphafleg kröfugerð stefnda í málinu var sú, að honum yrðu greiddar samtals 266.964 krónur með þeim vöxtum, sem tilgreindir eru í héraðsdómi. Undir rekstri málsins féll hann frá kröfu um greiðslu launa fyrir yfirvinnu, en hækkaði jafnframt aðra þætti í kröfugerð sinni. Standa þá eftir þeir fimm kröfuliðir, sem tilgreindir eru í héraðsdómi, samtals að fjárhæð 225.204,58 krónur. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti var sú leiðrétting gerð, að krafa fyrir einn þessara kröfuliða, greidda frídaga, verður 127.576,80 krónur, sem breytir þó ekki heildarkröfu stefnda.

Í 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem hér reynir á, segir meðal annars, að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, skuli hann „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd . . . þó ekki lengur en tvo mánuði“. Lagaákvæðið er svo af-

dráttarlaust, að það verður eigi skilið öðruvísi en svo, í því samhengi, sem hér reynir á, að stefndi eigi rétt til þeirra launa, sem hann hefði fengið greidd fyrir að gegna starfi sínu áfram, ef veikindi hefðu ekki gert hann ófæran til þess. Fjárhæð þeirra launa er krafa stefnda í málinu. Um hana er ekki tölulegur ágreiningur.

Ekki verður talið, að stefndi hafi sýnt slíkt tómlæti um að hafa uppi kröfur sínar gagnvart áfrýjanda, að hann hafi af þeim ástæðum firrt sig rétti í málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Tryggva Eyjólfsyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., höfðaði Tryggvi Eyjólfs-son, kt. 240330-3189, Vesturströnd 13, Seltjarnarnesi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. desember 1991, gegn Hf. Eimskipafélagi Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda, eins og hann breytti þeim í rekstri málsins, eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 225.204,58 kr. með 23% ársvöxtum frá 1. september 1990 til 1. október 1990, með 21% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1991, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1991, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi með vöxtum skv. 129. gr. laga nr. 91/1991 og 24,5% virðisaukaskatti.

Höfuðstól kröfu sinnar sundurliðar stefnandi þannig:

Bakvakt II	kr.	13.940,40
Kallvakt	–	51.123,60
Frystigámatillegg	–	6.584,76
Greiddir frídagar	–	127.979,80
Orlof 13,04%	–	25.979,02
Samtals	kr.	225.204,58 (?)

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í málinu, en til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess, að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Í rekstri málsins lýstu aðilar yfir, að ekki væri ágreiningur um fjárhæð einstakra kröfuliða í höfuðstól kröfu stefnanda, heldur væri deilt um greiðsluskyldu stefnda.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi, sem var yfirvélstjóri á ms. Mánafossi, veiktist hinn 5. júní 1990 og var í veikindaleyfi til 25. október 1990. Stefndi greiddi stefnanda laun í veikindum hans frá 6. júní til og með 24. október 1990, það er mánaðarlaun og fæðispeninga.

Stefnandi telur sig hafa átt rétt á launum staðgengils fyrstu tvo mánuði veikindanna, og hafi hann því, auk nefndra launagreiðslna, átt að fá greidda frídaga, bakvaktir, kallvaktir, frystigámatillegg og orlof, eins og staðgenglar hans fengu greitt þessa tvo mánuði. Er hin breytta kröfugerð hans miðuð við upplýsingar frá stefnda á dskj. 23 um greiðslur stefnda til staðgengla.

Kröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að samkvæmt 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985 og grein 13.2.1. í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar skuli skipverji ekki missa neins í af launum sínum, svo lengi sem hann er óvinnufær, þó ekki lengur en tvo mánuði. Hafi verið föst venja að miða veikindalaunin við laun staðgengils fyrir sama tímabil. Samkvæmt grein 8.7.1. í kjarasamningnum vinni yfirvélstjóri sér inn einn frídag fyrir hvern laugardag, sunnudag, helgi- og/eða tyllidag, sem fellur á skráningartímabilinu. Staðgenglar stefnanda hafi á tímabilinu unnið sér inn 18 frídaga. Samkvæmt grein 8.3.2. í kjarasamningnum greiðist frídagar út á þeim launum, sem í gildi eru á greiðsludegi.

Stefnandi telur staðgengilsregluna hafa verið lögfesta með lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 49/1980, nú 36. grein laga nr. 35/1985. Staðgengilsreglan sé og viðurkennd í dómi Hæstaréttar frá 1985, bls. 315 í dómasafni. Þá sé

með dómi Hæstaréttar frá 1988, bls. 75 í dómasafni, viðurkenndur réttur til greiðslu fyrir frídaga í veikindum.

Stefnandi kveðst hvorki hafa fengið greidda þessa frídaga né bakvaktir, kallvaktir og frystigámatillegg. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um leiðréttingu hafi stefndi ekki fengist til að greiða það, sem á vanti, að stefnandi nyti óskertra launa í tvo mánuði.

Kröfu sína um málskostnað reisir stefnandi á lögum nr. 91/1991, einkum 129. gr., og kröfu um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988, en stefnanda sé nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað, þar eð hann reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu launa í veikindum í samræmi við ákvæði 13. kafla kjarasamnings vélstjóra, sbr. 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985. Þá telur hann, að hafi stefnandi átt einhvern rétt, þá hafi hann glatað honum fyrir aðgerðaleysi.

Stefndi kveður yfirvélstjóra almennt ekki fá greidda yfirvinnu, en samkvæmt 8. kafla kjarasamnings vélstjóra vinni yfirvélstjóri sér inn einn frídag fyrir hvern laugardag, sunnudag, helgi- og/eða tyllidag, sem fellur á skráningartímabil. Þetta sé óháð því, hvar skip sé statt, og vinni yfirvélstjóri sér inn frídag samkvæmt þessari reglu, þótt skip sé við bryggju í heimahöfn.

Samkvæmt kjarasamningi vélstjóra séu fastráðnum yfirvélstjóra tryggð föst laun í 12 mánuði á ári. Yfirvélstjóri fái ekki frí um hverja helgi eins og starfsmenn í landi, heldur safni hann saman frídögum fyrir laugardaga, sunnudaga og tyllidaga, sem hann er um borð í skipi sínu. Við afskráningu í frí fái yfirvélstjóri þá greidda og eigi rétt á að vera jafnmarga virka daga í fríi og tala innunninna frídaga leiði í ljós. Þannig skili yfirvélstjóri að meðaltali 5 virkum vinnudögum á viku, sem sé sambærilegt við starfsmenn í landi. Auk þessa fái yfirvélstjóri sumarleyfi á launum, haldi fullum launum í 6 mánuði og hálfum launum í aðra 6 mánuði, ef hann er óvinnufær vegna veikinda eða slysa, og fái biðkaup, þótt vinnufær sé, ef útgerð heldur honum í landi, t. d. vegna flutnings milli skipa. Launakerfi farmanna líkist því helst óreglubundinni vaktavinnu.

Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu, að það hafi verið föst venja að miða veikindalaun við laun staðgengils fyrir sama tímabil. 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985 sé samhljóða 18. grein sjómannalaga nr. 67/1963, eins og henni var breytt með lögum nr. 49/1980. Fyrir þann tíma hafi ekki gilt staðgengilsregla um farmenn, og hafi hún ekki heldur verið tekin upp með lagabreytingunni. Stefndi vísar til athugasemda við lagafrumvarpið, þar sem fram komi, að í breytingunni úr: „rétt til kaups“ í „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“ – felist, að farmenn

eigi, auk grunnkaups og fastra áлага á það, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu. Með lagabreytingunni hafi þeir skipverjar fengið aukinn rétt, sem fá greidda yfirvinnu, en hún hafi engu breytt fyrir skipverja, sem ekki fá greidda yfirvinnu, svo sem bryta, yfirvélstjóra og skipstjóra.

Ákvæði í kjarasamningi vélstjóra um launagreiðslur í veikindum, telur stefndi, að hafi aldrei verið skilin eða framkvæmd svo, að til viðbótar útborguðum launum ættu að koma greiðslur fyrir frídaga, heldur fengi yfirvélstjóri eins mánaðar laun, ef hann er veikur í mánuð, og tveggja mánaða laun, ef hann er veikur í tvo mánuði, en ekki 1,4 eða 2,8 mánaða laun, eins og hann fengi, ef frídagar væru greiddir til viðbótar.

Stefndi vísar til reglna í kjarasamningnum, sem veita skipverja á biðlaunum ekki rétt til greiðslna fyrir frídaga, og telur, að við gerð samningsins hafi ætlunin verið, að biðlaun og veikindalaun verkuðu á sama hátt greiðslulega, enda væri óeðlilegt, ef yfirvélstjóri, sem veiktist, meðan hann væri á biðlaunum, ætti að fá við veikindin rétt til greiðslna fyrir frídaga. Meta verði heildarkjör yfirvélstjóra, og sé augljóst, að réttur þeirra til veikindalauna sé miklu betri en réttur samkvæmt sjómannalögum, þótt reiknaðir væru frídagar á fyrstu tvo mánuði í veikindum. Það verði hvorki ráðið af kjarasamningi yfirvélstjóra né breytingu á sjómannalögum, að ætlunin hafi verið, að yfirvélstjórar bæru meira úr bótum óvinnufæris en þegar þeir eru vinnufærir. Væru kröfur stefnanda teknar til greina, myndi það leiða til þess, að hann hagnaðist á því að vera veikur.

Loks telur stefndi, að sýkna beri af kröfum stefnanda vegna aðgerðaleyfis þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi hvorki gert athugasemdir við launauppgjör né krafist viðbótargreiðslna fyrr en löngu eftir, að hann fékk greidd veikindalaunin.

Með breyttri kröfugerð stefnanda verður ekki annað séð en teknar hafi verið til greina þær athugasemdir stefnda við upphaflega stefnufjárhæð, sem felast í varakröfu hans. Eftir stendur varakrafa stefnda um, að vextir reiknist ekki á tildæmda fjárhæð fyrr en frá 6. júlí 1991 skv. 10. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 25/1987.

Niðurstöður.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda með þeim rökum, að hann hafi með aðgerðaleyfi sínu glatað þeim rétti, sem hann annars kunni að hafa átt.

Stefnandi hefur ekki sannað, að hann hafi gert athugasemdir við þau laun, sem hann fékk greidd í veikindum sínum, fyrr en með bréfi til stefnda, dags. 5. mars 1991, en þá voru liðnir rúmír fjórir mánuðir, frá því að hann tók aftur til starfa hjá stefnda eftir veikindin.

Við mat á því, hvort um hafi verið að ræða svo óhæfilegan drátt af hálfu stefnanda, að það varði hann missi réttinda, ber að hafa í huga, að túlkun kjarasamninga og lagareglna um rétt til launa er flókið og vandasamt verk. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem bendir til, að stefnandi hafi búið yfir þeirri þekkingu og reynslu á sviði kjaramála sjómanna, að hægt sé að fallast á, að hann hafi sýnt slíkt tómlæti við gæslu hagsmuna sinna, að hann glati rétti þess vegna. Er því sýknukröfu stefnda af þessari ástæðu hafnað.

Með 5. og 6. grein laga nr. 19/1979 var tekin upp svokölluð staðgengilsregla við ákvörðun launa landverkafólks í veikinda- og slysatilvikum. Með lögum nr. 49/1980 var 3. málsgrein 18. greinar þágildandi sjómannalaga nr. 67/1963 breytt til að auka rétt sjómanna til samræmis við rétt landverkafólks að þessu leyti. Ákvæði þessi voru tekin orðrétt upp í 36. grein núgildandi sjómannalaga nr. 35/1985.

Það er álit dómsins, að með ofangreindri lagasetningu hafi verið í lög leiddur réttur skipverja til staðgengilslauna fyrstu tvo mánuði veikindatíma hans. Verður ekki fallist á það sjónarmið stefnda, að víkja beri til hliðar ákvæðum 36. greinar sjómannalaganna, vegna þess að kjarasamningur Vélstjórafélags Íslands og vinnuveitenda veiti yfirvéltjórum miklu meiri rétt til veikindalauna, enda segir í grein 13.2.1. í kjarasamningi þessara aðila frá 1987: „Varðandi veikindi og slys vísast enn fremur til 36. gr. sjómannalaga.“

Í máli þessu er hvorki deilt um málsatvik né útreikning stefnanda á dómkröfu sinni, heldur er deilt um, hvort stefnandi eigi rétt á að fá greidd sömu laun og staðgenglar fengu fyrstu tvo mánuði veikinda hans.

Af ofanrituðu leiðir, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina að fullu og stefndi dæmdur til að greiða honum 225.204,58 kr. með dráttarvöxtum, eins og krafist er í stefnu. Tildæmd fjárhæð er vegna launa-greiðslna, sem féllu í gjalddaga í júní, júlí og ágúst 1990, og er því hafnað varakröfu stefnda um, að vextir reiknist aðeins frá 6. júlí 1991.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 87.000 kr.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Tryggva Eyjólfsyni, 225.204,58 kr. með 23% ársvöxtum frá 1. september 1990 til 1. október 1990, með 21% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1991, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1991, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 3. desem-

ber 1991, en með vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 87.000 kr. í málskostnað.
